



# Landspítali býður notendum upp á að tengjast inn í tölvukerfin á öruggan máta með VPN



## 1. Þú þarft forrit frá Cisco sem heitir AnyConnect\*

Hægt er að sækja það á slóðinni <https://vpn.landspitali.is>  
Auðkenning er notandanafn og lykilorð sem þú fékkst frá Landspítala



Velja Windows desktop (eða það sem passar við þitt stýrikerfi). Þá ætti uppsetningarskrá að hlaðast inn á vélina þína. Það þarf að keyra hana með **auknum réttindum (administrator)** og klára uppsetningarferlið.

\*Ef að þú ert starfsmaður Landspítala þarftu að vera á Landspítala tölvu til að tengjast VPN og þá er þetta forrit nú þegar uppsett hjá þér.

## 2. Opna AnyConnect




Opna AnyConnect forritið. Það ætti að keyrast stjálkrafa þegar tölvan er ræst.

Ef forritið er ekki í tólastikunni þá þarf að ræsa það upp.

Einfaldast að ýta á windows eða start takkann á lykilorðinu og leyta að „AnyConnect“


## 3. Innskráning



Í glugganum sem kemur upp þegar forritið er keyrt þarf að skrifa **vpn.landspitali.is** og smella á **connect**

Eftir fyrstu innskráningu ætti að birtast **LSH-VPN** í glugganum eða í fellilista og því þarf ekki að breyta.


## 4. Fjölþátta auðkenning



Ef þú ert beðinn um að setja inn auðkenningarkóða þarftu að tryggja að fjölþátta auðkenning sé virk. Sjá meðfylgjandi leiðbeiningar.

## 5. Tenging komin á

Nú ætti tenging að vera komin á.



Ef þú lendir í vandræðum er einfaldast að hafa samband við þjónustumiðstöð í síma 543-1550 eða senda póst á [1550@landspitali.is](mailto:1550@landspitali.is).

## APP - leiðin



## 1. Þú þarft App í símann, sem dæmi...




Microsoft Authenticator



Google Authenticator


Notaðu App Store  
eða Play Store til að ná  
í það APP sem þú vilt  
nota

## 2. Þú þarft að skrá þig á sérstaka vefsíðu




- Opnaðu vafra (browser) í incognito mode (Chrome), private browsing (Safari), InPrivate Mode (Edge), Private mode (Firefox) eða sambærilegu í þínum vafra.
- Skráðu þig inn á <https://aka.ms/mfasetup> Gott að framkvæmda þetta í tölvu frekar en í símanum þínum.
- Skráðu inn notandanafn og lykilorð sem þú fékkst frá Landspítalanum, með endingunni @landspitali.is

## 3. Á vefsíðunni



Smella á „Add a method“ og velja þar Authenticator App.


## 4. Á vefsíðunni



Ef þú ætlar að nota Microsoft Authenticator, velur þú **Next/Áfram**

Ef þú ætlar að nota Google Authenticator velur þú:  
**„I want to use a different authenticator app“**.

## 5. Á vefsíðunni



Velja Next /Áfram.  
Þá birtist QR kóði á vefsíðunni sem þú átt að skanna inn með Appinu í símanum.

## 6. Í símanum

- Opnaðu App-ið í símanum.
- Skannaðu inn QR kóðann sem birtist á vefsíðunni.

Ef þú finnur ekki „Scan QR hnappinn“ í App-inu, gætir þú þurft að ýta á + (plús tákn).



Sýnishorn